

FYLGISEDILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

NITROMEX[®] 0,25 mg og 0,5 mg, tungurótartöflur.

Glýserýltrínítrat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður aukaverkana sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um:

1. Hvað er Nitromex og við hverju er það notað
2. Áður en þú notar Nitromex
3. Hvernig á að nota Nitromex
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig á að geyma Nitromex
6. Aðrar upplýsingar

1. HVAD ER NITROMEX OG VIÐ HVERJU ER ÞAÐ NOTAÐ

Nitromex verkar gegn verkjum við hjartaöng (angina pectoris), líklegast með því að víkka kransæðarnar, draga úr spennu í hjartavöðvanum og minnka þörf hans fyrir súrefni. Nitromex er notað til þess að meðhöndla og koma í veg fyrir hjartaverk (angina pectoris).

2. ÁÐUR EN BYRJAÐ ER AÐ TAKA NITROMEX[®]

Ekki má taka Nitromex

- ef þú ert með ofnæmi fyrir glýserýltrínítrat eða einhverju öðru innihaldsefni Nitromex.
- Nitromex má ekki nota samhliða meðferð með lyfjum sem innihalda síldenafíl, tadalafíl eða vardenafíl.

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Nitromex

Nitromex á ekki að nota handa börnum.

Þegar sjúklingur stendur eða rís á fætur er hætta á mikilli lækun blóðþrýstings, sjúklingur getur fundið fyrir svima.

Neysla áfengis samliða lyfinu getur valdið aukinni blóðþrýstingslækkun.

Meðganga og brjóstgjöf

Meðganga: Takmörkuð reynsla er af notkun á meðgöngu. Leita skal ráða hjá læknum.

Brjóstgjöf: Ekki er vitað hvort Nitromex skilst út í brjóstamjól. Leita skal ráða hjá læknum.

Akstur og notkun véla

Hefur ekki áhrif á viðbragðsflýti.

Mikilvægar upplýsingar um tiltekin innihaldsefni

Lyfið inniheldur laktósa og súkrósa. Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

3. HVERNIG Á AÐ NOTA NITROMEX

Notaðu lyfið alltaf eins og læk'nirinn hefur sagt til um, hann ákveður skammtastærð og lengd meðferðar sem hentar þér sérstaklega. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá læk'ninum eða lyfjafræðingi.

Venjulegur skammtur er:

Við kast eða til að fyrirbyggja kast:

Fullorð'nir: 1 tungurórtartafla (0,25 mg eða 0,5 mg) undir tungu. Endurtekið eftir þörfum.

Verkunin kemur fram innan nokkurra mínútna og varir í allt að hálfu klukkustund.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er tekinn

Við ofskömmtn getur Nitromex valdið lágum blóðþrýstingi, hugsanlega svima og meðvitundarleysi í skamma stund.

Séu teknir skammtar sem eru mun stærri en tilgreindir eru eða læk'nir hefur mælt fyrir um, þá skal samstundis leita læk'nis eða neyðarmóttöku á spítala (sími Eitrunarmiðstöðvar er 543 2222).

Ef gleymist að taka Nitromex

Ef þú gleymir að taka einn skammt, taktu þá skammtinn eins fljótt og þú getur og næsta skammt á sama tíma og venjulega. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

4. HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR

Eins og á við um öll lyf getur Nitromex valdið aukaverkunum, þó ekki hjá öllum.

Algengar: Tímabundinn höfuðverkur og svimi. Aukinn augnþrýstingur getur komið fram.

Látið læk'ninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

5. GEYMSLA NITROMEX

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

Geymið á þurrum stað og í upprunalegum umbúðum sem loka á tryggilega eftir notkun. Stakar töflur má *ekki* flytja yfir í aðrar umbúðir, vasa eða þess háttar. Má ekki nota eftir fyrningardagsetningu á umbúðum.

Ekki á að fleygja lyfjum í skóplagnir eða heimilissorp. Spyrðu lyfjafræðing hvernig heppilegast er að losna við lyf sem ekki þarf að nota lengur. Þessar aðgerðir eru til þess að vernda umhverfið.

6. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hvað inniheldur Nitromex

- Virka innihaldsefnið er glýserýltrínítrat (nítroglýserín) 0,25 mg eða 0,5 mg.

- Önnur innihaldsefni eru laktósi (79 mg), makrógól og súkrósa (3,3 mg). 0,5 mg tungurótartaflan inniheldur að auki litarefnið ríboflavínnatríumfosfat (E 101).

Útlit Nitromex og pakkningastærð

0,25 mg tungurótartaflan er hvít, kringlótt, 5 mm í þvermál

0,5 mg tungurótartaflan er gul, kringlótt, 5 mm í þvermál.

Lyfið er fáanlegt í 30 og 120 stk pakkningum fyrir báða styrkleika.

Markaðsleyfishafi

Actavis Group hf.,

Reykjavíkurvegi 76-78

220 Hafnarfjörður

sími 550 3300,

fax 550 3301

Framleiðandi

Inpac AS

Gjellebekkstubben 10

3420 Lierskogen

Norway

Frekari upplýsingar

Ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið vinsamlegast hafið samband við markaðsleyfishafa

Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur í febrúar 2010.